

Umhverfisstofnun
júlí 2007
UST-R-2007:03

Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
2007

Matvæli á boðstólum á líkamsræktarstöðvum

Umhverfisstofnun og
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Inngangur

Á seinustu árum hefur orðið aukning á dreifingu matvæla innan líkamsræktarstöðva á Íslandi. Samkvæmt Íslensku atvinnugreinaflokkuninni (*ÍSAT 95*) fellur starfsemi líkamsræktarstöðva undir heilsuræktarstarfsemi, sólbaðstofur o.þ.h. (flokkunar-nr. 93.04.0) og árið 2006 voru 154 fyrirtæki skráð í þennan flokk. Í III kafla reglugerðar nr. 941/2002 um *hollustuhætti* kemur fram að starfsemi heilsuræktarstöðva sé starfsleyfisskyld, en slíkt starfsleyfi felur ekki í sér leyfi til að framleiða eða dreifa matvælum. Ef fram fer dreifing matvæla á heilsuræktarstöðvum fellur sá rekstrarþáttur m.a. undir undir 20 gr. matvælalaga og kafla II og III í reglugerð nr. 522/1994 um *matvælaeftirlit og hollustu við framleiðslu og dreifingu matvæla*, en þar kemur fram að þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skuli hafa starfsleyfi opinbers eftirlitsaðila og jafnframt hvernig staðið skuli að framleiðslu og dreifingu matvæla. Huga þarf að huga að öryggi og hollustu matvæla og sinna virku innra eftirliti við framleiðslu og dreifingu þeirra svo að tryggt sé að þau uppfylli að öllu leyti kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Þar sem orðið líkamsræktarstöð er flestum orðið tamt verða heilsuræktarstöðvar hér eftir í skýrslu þessari kallaðar líkamsræktarstöðvar.

Hér birtast niðurstöður könnunar á framleiðslu og dreifingu matvæla í líkamsræktarstöðvum víðsvegar um Ísland. Athuga ber að könnunin náði aðeins til þeirra líkamsræktarstöðva sem bjóða upp á hefðbundna tækjapjálfun eða annars konar leikfimitíma en ekki leikfimisala skóla eða íþróttafélaga. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna stóðu að þessari könnun í sameiningu.

Tilgangur

Tilgangurinn með þessu verkefni er fyrst og fremst að athuga hvort dreifing matvæla fari fram á líkamsræktarstöðvum og ef svo er, að kanna hvort um innpakkaðar vörur eða óvarin matvæli er að ræða og hvort framleiðsla á matvælum fari fram að öllu eða einhverju leyti á staðnum. Auk þess miðar könnunin að því að athuga hvort dreifing þessara matvæla uppfylli ákvæði kafla II og III reglugerðar nr. 522/1994 um *matvælaeftirlit og hollustu við framleiðslu og dreifingu matvæla*.

Framkvæmd

Á tímabilinu febrúar til apríl árið 2007 heimsóttu heilbrigðisfulltrúar líkamsræktarstöðvar í sínu umdæmi og unnu úttekt á því hvort þar færi fram dreifing á matvælum. Úttektin fór þannig fram að fulltrúarnir fylltu út gátlista (sjá viðauka 1) sem unnin hafði verið af Umhverfisstofnun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Umhverfisstofnun tók niðurstöðurnar saman.

Niðurstöður

Þátttaka og fjöldi staða

Átta af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum á Íslandi tóku þátt í verkefninu og sýnir tafla 1 fjölda úttekta á hverjum stað. Þar kemur einnig fram fjöldi líkamsræktarstöðva sem dreifa matvælum. Alls voru 39 líkamsræktarstöðvar heimsóttar en á 23 þeirra (59%) fór fram einhvers konar framleiðsla og/eða dreifing á matvælum.

Tafla 1: Fjöldi skoðaðra líkamsræktarstöðva á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði og fjöldi þeirra sem dreifa matvælum

Heilbrigðiseftirlitssvæði	Fjöldi skoðaðra stöðva	Fjöldi stöðva sem dreifa matvælum
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)	10	4
Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, matvælasvið (UHR)	11	8
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)	1	1
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)	1	1
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)	1	1
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)	3	3
Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)	10	3
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)	2	2
Samtals	39	23

Dreifing matvæla

Af þeim 23 stöðvum sem buðu upp á matvæli var dreifing þeirra aðeins í tveimur tilvikum á vegum annars aðila en rekstraraðila líkamsræktarstöðvarinnar en í langflestum tilfellum (21 stöð eða 91%) sáu líkamsræktarstöðvarnar sjálfar um framleiðslu og dreifingu matvæla.


Í spurningu 5 í gátlista (sjá viðauka 1) var annars vegar spurt um dreifingu innpakkaðra matvæla og hins vegar um matvæli sem tilreidd eru á staðnum.

Innpakkaðar vörur sem koma tilbúnar á staðinn

Með innpökkuðum matvælum er átt við matvæli sem koma tilbún til sölu eins og gos, orkudrykki, sælgæti, fæðubótarefni og einnig kælivörur eins og drykkjarskyr, jógúrt eða samlokur (sjá mynd 1).

Af 23 stöðvum buðu 22 (96%) upp á innpakkaðar vörur. Algengt er að fleiri en ein tegund matvæla sé á boðstólum. Mynd 1 endurspeglar dreifingu hvers og eins matvælaflokks og fjölda stöðva sem bjóða hverja tegund matvæla.

Mynd 1: Innpakkaðar vörur




Matvæli sem tilreidd eru á staðnum

Matvæli sem tilreidd eru á staðnum geta bæði verið heitar eða kaldar matvörur sem annars vegar þarf að framleiða og/eða halda við ákveðið hitastig. Ávaxta- eða próteinblöndur teljast einnig til þessa flokks matvæla.

Af 23 stöðvum bjóða 19 eða 86% upp á matvæli sem eru á einhvern hátt tilreidd á staðnum. Mynd 2 sýnir hvað þessar stöðvar bjóða upp á. Þar sést að í langflestum tilvikum er þessi þjónusta bundin við blöndun skyr- og próteindrykkja. Aðeins ein líkamsræktarstöð bauð upp á kalda rétti eins og smurt brauð eða salat (sjá viðauka 1, spurning 5).

Mynd 2: Matvæli tilreidd á staðnum



Aðstaða til framleiðslu og dreifingu matvæla

Eins og áður hefur komið fram fela starfsleyfi líkamsræktarstöðva ekki í sér leyfi til að framleiða eða dreifa matvælum. Í spurningu 6 var spurt hvort heilbrigðisfulltrúar hefðu gert úttekt á hvort sú aðstaða á líkamsræktarstöðinni þar sem matvæli eru innþökkuð eða óvarin uppfylli skilyrði reglugerða.

Aðstaða til meðhöndlunar/geymslu matvæla

Af 23 líkamsræktarstöðvum sem selja matvæli hefur aðstaðan aðeins verið tekin út á 9 stöðum, þ.e. 39%. Á tólf líkamsræktarstöðvum (52%) hafði aðstaðan ekki verið tekin út af Heilbrigðiseftirliti sveitarfélagsins. Í tveimum tilvikum fékkst ekki svar við spurningunni.

Aðstaða til meðhöndlunar óvarinna matvæla

Ef eingöngu þær 19 stöðvar sem dreifa óvörðum matvælum eru skoðaðar þá hafði aðstaðan verið tekin út á 10 stöðvum (53%) en ekki á átta stöðvum. Í einu tilfelli var spurningunni ekki svarað.

Innflutningur fæðubótarefna

Fæðubótarefni eru samkvæmt skilgreiningu reglugerðar nr. 624/2004 um *fæðubótarefni*, matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði eins og vítamín/steinefni eða jurtavörur í hylkjum, töflum o.þ.h. Spurningar 8 og 9 fjalla um innflutning fæðubótarefna og var þar spurt hvort innflutningur fæðubótarefna væri á vegum líkamsræktarstöðvanna sjálfra eða hvort þau væru keypt inn af öðrum aðilum.

Alls selja 20 líkamsræktarstöðvar fæðubótarefni af einhverju tagi (sjá mynd 1). Þrjár líkamsræktarstöðvar (15%) flytja sjálfar inn fæðubótarefnin en hinar 17 kaupa þau inn frá öðrum innflutningsaðila (alls 9 birgjar). Hér kemur ekki fram hvort þær stöðvar sem flytja inn fæðubótarefni dreifi þeim áfram til annarra aðila eða hvort innflutningurinn sé eingöngu til dreifingar innan eigin stöðvar.

Athugasemdir í úttektinni

Spurning 10 bauð heilbrigðisfulltrúum þann möguleika að koma á framfæri kröfum eða athugasemdum sem gerðar voru ef eitthvað reyndist athugasvert við aðstöðu til framleiðslu og/eða dreifingar matvæla í viðkomandi líkamsræktarstöð.

Alls voru 16 athugasemdir gerðar. Í töflu 2 má finna flokkun athugasemdana og hversu oft hver athugasemd kom fram. Flestar athugasemdirnar voru vegna vaska, þ.e. notkun vaska og hvort vaskar væru aðskildir, t.d. hvort sér handlaugar væru til staðar eða sér vaskar fyrir matvæli. Aðeins í einu tilfelli var gerð athugasemd við stjórn á hitastigi kæligeymslu/skápa. Einnig var farið yfir merkingu fæðubótarefna og í þremur tilfellum voru gerðar athugasemdir við þetta atriði.

Tafla 2: Athugasemdir sem gerðar voru í eftirlitinu

Athugasemdir	Fjöldi
Vaskar	6
Innra eftirlit	3
Merkingum fæðubótarefna ábótavant	3
Vantar handsápu við vask	1
Aðstaða ófullnægjandi	1
Endurnýja þarf borðplötu	1
Hitastig í kælum	1
Alls	16

Samantekt

Af 39 líkamsræktarstöðvum sem heimsóttar voru fór fram einhvers konar framleiðsla og/eða dreifing á matvælum á 23 stöðvum. Algengast var að dreifingin færi fram á vegum stöðvanna sjálfra. Yfirleitt fór fram dreifing á innpökkuðum vörum en tilreiðsla matvæla fór jafnframt fram á nokkrum líkamsræktarstöðvum. Framboð þessara stöðva takmarkaðist ekki aðeins við fæðubótarefni, orku- og íþróttadrykki eða sælgæti eins og orku- eða próteinstykki, heldur voru auk þessa blandaðir og tilreiddir á staðnum skyr- og próteindrykkir. Um helmingur staðanna bauð upp á ferska ávexti.

Meðhöndlun á óvörðum matvælum gerir þá kröfu til rekstraraðila að virkt innra eftirlitskerfi sé ávallt til staðar. Þetta á ekki síst við um eftirlit með kælivörum og aðskilnað ýmissa hrárra og ferskra matvæla í geymslu og við framleiðslu. Engu að síður hafði aðeins farið fram úttekt heilbrigðisfulltrúa á aðstöðu 53% þeirra líkamsræktarstöðva sem dreifa óvörðum matvælum. Afar mikilvægt er að allir staðir sem dreifa matvælum hafi til þess tilskilin leyfi frá eftirlitsaðila og að rekstraraðila sé kunnugt um hvaða reglur þarf að uppfylla vegna starfseminnar. Í framtíðinni mun þurfa að bæta eftirlit svo að tryggt sé að meðhöndlun matvæla uppfylli ströngustu skilyrði um aðbúnað og hreinlæti.

Árið 2005 voru aðeins 145 fyrirtæki skráð undir heilsuræktarstarfsemi en árið 2006 voru þau 154. Í þessari úttekt voru eingöngu skoðaðar líkamsræktarstöðvar en hafa ber í huga að hugsanlega er boðið upp á innpökkuð eða óvarin matvæli í tengslum við annars konar heilsuræktarstarfsemi s.s. sólbaðstofur, nuddstofur, gufubaðsstofur o.s.frv. Þar sem þessi markaður virðist fara ört stækkandi verður mikilvægt að fylgjast vel með honum af hálfu Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna.

Viðauki 1

Dagsetning: _____

Heilbrigðiseftirlit og fulltrúi: _____

Eyðublað vegna matvæla í líkamsræktarstöðvum

Staður

1. Nafn líkamsræktarstöðvar: _____

2. Heimilisfang: _____

Framboð á matvælum

3. Eru einhver matvæli til sölu í líkamsræktarstöðinni?

- Já
 Nei, ef nei getur þú farið beint yfir í spurningu 11

4. Á hvern vegum fer sala á matvælum fram í líkamsræktarstöðinni?

- Á vegum líkamsræktarstöðvarinnar sjálfar
 Á vegum annars fyrirtækis / rekstraraðila
 Annað: _____

5. Hvers konar matvæli eru á boðstólum? Merktu við allt sem við á.

- Innpakkaðar vörur sem koma tilbúnar á staðinn:
 Tilbúnir drykkir s.s. orku-, íþróttadrykkir o.þ.h.
 Próteinstykki, orkustykki, sælgæti o.þ.h.
 Heilir ávextir / grænmeti
 Kælivörur s.s. mjólkurvörur og samlokur
 Fæðubótarefni
 Annað, hvað? _____
- Matvæli sem tilreidd eru á staðnum:
 Eldaður matur s.s. súpa, pasta o.þ.h.
 Kaldir réttir s.s. smurt brauð, niðurskorðið grænmeti/ ávextir
 Blandaðir drykkir s.s. skyr- eða próteindrykkir
 Annað, hvað? _____

6. Hefur aðstaða til meðhöndlunar / geymslu matvæla verið tekin út af HES?

- Já
 Nei

7. Er aðstaða til meðhöndlunar óvarinna matvæla til staðar?

- Já
 Nei
 Á ekki við

8. Eru fæðubótarefni flutt inn á vegum líkamsræktarstöðvarinnar? (á bara við um þá staði sem selja fæðubótarefni)

- Já
Ef já, hvaða? _____
 Nei (ef svarið er nei þarf að svara spurningu 9)

9. Frá hvaða aðila eru fæðubótarefnin keypt?

10. Hvaða kröfur/athugasemdir voru gerðar ef eitthvað reyndist athugavert í úttektinni?

11. Er eitthvað annað sem heilbrigðisfulltrúi vill koma á framfæri?
